

**REGLUGERÐ****um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.**

28

18. apríl

## 1. gr.

Bannað er að halda hunda í Ísafjarðarkaupstað, nema samkv. heimild 2. gr. þessarar reglugerðar.

Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem vera kunna taldir að eiga heima utan kaupstaðarins, en vitanlegt er um að eigendur þeirra eru búsettir í Ísafjarðarkaupstað og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

## 2. gr.

Heimilt skal bæjarstjórn að leyfa allt að 8 fjáreigendum í kaupstaðnum, þeim er flest sauðfé hafa á fóðrum, að halda sinn þarfahundinn hverjum.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda bæjarstjórn fyrir 1. desember ár hvert, og gilda þau leyfi, er veitt verða, fyrir næsta almanaksár.

Hundar þessir skulu bera helsi með áletruðu Í. S. og tölu. Bæjarsjóður leggur til merkisþjöldin, og afhendir bæjarstjóri þau gegn greiðslu andvirðis þeirra, er rennur í bæjarsjóð.

Hundaeigendum skal skylt að koma hundum sínum til lækninga haust hvert samkv. því, sem mælt er fyrir um í reglugerð bæjarins um lækningu hunda af bandormum.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, og er hver hundur réttdræpur, sem fyrir finnst í kaupstaðnum, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanbæjarmönnum.

## 4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

## 5. gr.

Reglugerð nr. 26 frá 9. júní 1931 um hundahald í Ísafjarðarkaupstað er úr gildi numin.

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla samtímis úr gildi öll leyfi, sem veitt hafa verið til hundahalds í Ísafjarðarkaupstað. Þó skal þeim, er fengið hefir leyfi til að halda hunda, veittur frestur til 1. júlí 1936 til þess að hafa komið hundunum burt úr kaupstaðnum eða drepit þá.

Fyrir það, sem eftir er af árinu 1936, gilda ákvæði 2. gr. þannig, að sækja skal um leyfi þau, er þar um ræðir, fyrir 15. júní.

- 28  
18. apríl Reglugerð þessi; sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

- 29  
28. apríl

## AUGLÝSING

**um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.**

Ríkisstjórnin hefir ákveðið að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 34, 1. febrúar 1936, um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl., til þess að taka í sínar hendur frá 1. maí næstkomandi að telja innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, svo sem rófum, næpum, hverskonar kálmeti og öðru nýju grænmeti.

Sambandi islenzkra samvinnufélaga hefir verið falinn rekstur Grænmetisverzlunar ríkisins frá sama tíma, og ber öllum þeim, sem óska að fá framangreindar vörur frá útlöndum, að snúa sér til sambandsins í því efni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

- 30  
30. apríl

## REGLUGERÐ

**um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.**

### I. KAFLI

**Um almenna starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.**

#### 1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins (á ensku State Tourist and Informations Bureau of Iceland — stýtt nafn: Statourist). Skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innan lands